Nd. **148. Frumvarp til laga** [117. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni til kaupa á dísilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af fob-verði stöðvarinnar.

Ábyrgðin skal veitt með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna óöruggs ástands í raforkumálum á Ísafirði hefur þótt nauðsynlegt að festa kaup á vararafstöð fyrir Ísafjarðarkaupstað. Má í því sambandi nefna, að veruleg verðmæti af frystum fiski eru að staðaldri geymd á Ísafirði, sem myndu ónýtast yrði bærinn rafmagnslaus einhvern tíma. Vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti greiða fyrir því, að kaup á vararafstöð geti átt sér stað, með því að leggja fram lagafrumvarp þetta.